

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Végeirsstaðasjóð, nr. 796/2021.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Háskólaráð Háskólans á Akureyri skipar fimm manna stjórn Végeirsstaðasjóðs til þriggja ára í senn. Rektor tilnefnir fimm fulltrúa í stjórn sjóðsins á þriggja ára fresti. Fulltrúar í stjórn Végeirsstaðasjóðs tilnefna formann úr hópi þeirra sem eiga sæti í stjórn. Rektor tilnefnir ráðsmann sem starfar með stjórn og situr fundi hennar með tillögurétt og málfrelsi.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Végeirsstaðasjóð staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 28. maí 2025.

Björn Hrafnelsson.

Auður Steingrímsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 13. júní 2025